



Landsvirkjun

Samstæða

**Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2007**

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Kt. 420269-1299

Efnisyfirlit

| | | | |
|---|---|------------------------------|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra | 3 | Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 4 | Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Rekstrarreikningur | 5 | Skýringar | 9 |
| Efnahagsreikningur | 6 | | |

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Frá ársbyrjun 2007 er Landsvirkjun sameignarfyrtæki í eigu ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. Eignarhlutir ehf eru alfarið í eigu ríkissjóðs. Ríkissjóður á 99,9% í fyrirtækinu og Eignarhlutir ehf 0,1%. Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Árshlutareikningurinn sem er samandreginn, er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og er það í fyrsta sinn sem samstæðan birtir árshlutareikning með þeim hætti. Árshlutareikningar samstæðunnar undanfarin ár hafa verið gerðir í samræmi við íslenskar reikningsskilavenjur. Breytingin hefur þau heildaráhrif á eigið fé samstæðunnar að bókfært eigið fé í ársbyrjun 2007 hækkar um 19,9 milljarða króna eða úr 62,7 milljörðum króna í 82,6 milljarða króna eins og fram kemur í skýringu 38. Í árshlutareikningnum er gerð nánari grein fyrir þeim áhrifum sem upptaka staðlanna hefur í för með sér á reikningsskil samstæðunnar. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Landsvirkjunar og dótturfélaga.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007 nam 19,1 milljarði króna samkvæmt rekstrarreikningi. Breytingin á afkomu fyrirtækisins á milli ára skýrist í meginatriðum á miklum mun fjármagnsliða eins og nánar er gerð grein fyrir í skýringu 25. Eigið fé í lok júní nam 101,2 milljörðum króna.

Stjórn og forstjóri Landsvirkjunar staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. ágúst 2007.

Í stjórn fyrirtækisins:

Páll Magnússon

Ágúst Einarsson

Jóna Jónsdóttir

Valdimar Hafsteinsson

Valur Valsson

Forstjóri:

Friðrik Sophusson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landsvirkjunar

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Landsvirkjunar og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum fyrirtækisins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á sama hátt og þegar um endurskoðun er að ræða.

Könnun okkar náði einnig til þeirra breytinga sem gerðar voru á efnahagsreikningi fyrirtækisins í tengslum við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Eins og fram kemur í árshlutareikningnum kunna fjárhæðir að breytast, meðal annars vegna þess að reikningsskilin eiga að taka mið af stöðlunum eins og þeir verða í lok reikningsársins og breytingar á þeim kunna því að hafa áhrif.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 23. ágúst 2007.

KPMG hf.

Jón Eiríksson

Reynir Stefán Gylfason

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2007

| | Skýr. | 2007 1.1.-30.6. | 2006 1.1.-30.6. |
|---|-------|-----------------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Raforkusala | | 8.735.655 | 8.514.208 |
| Flutningstekjur | | 1.883.367 | 1.362.543 |
| Aðrar tekjur | | 133.442 | 136.404 |
| | 5 | <u>10.752.464</u> | <u>10.013.155</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Orkusvið | | 2.682.618 | 2.883.125 |
| Flutningskerfi | | 1.118.336 | 1.148.047 |
| Almennar rannsóknir | | 217.747 | 120.428 |
| Annar rekstrarkostnaður | 24 | 1.264.973 | 1.085.937 |
| | | <u>5.283.674</u> | <u>5.237.537</u> |
| | | Rekstrarhagnaður | 4.775.618 |
| | | <u>5.468.790</u> | <u>4.775.618</u> |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur | | 176.760 | 131.610 |
| Vaxtagjöld | | (2.300.039) | (3.264.994) |
| Hreinar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum | 7 | 22.670.664 | (10.607.294) |
| | 6,25 | <u>20.547.385</u> | <u>(13.740.678)</u> |
| | | Hagnaður (tap) fyrir skatta | <u>26.016.175</u> |
| | | | (8.965.060) |
| Tekjuskattur | 10 | (6.883.974) | 11.533.733 |
| | | <u>19.132.201</u> | <u>2.568.673</u> |
| Hagnaður | | | |
| Skipting hagnaðar | | | |
| Eigendur fyrirtækisins | | 19.168.815 | 2.935.626 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | (36.614) | (366.953) |
| | | <u>19.132.201</u> | <u>2.568.673</u> |

Efnahagsreikningur 30. júní 2007

Eignir

| | Skýr. | 2007 30.6. | 2006 31.12. |
|---|-------|---------------|----------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Óefnislegar eignir | 11,26 | 3.496.975 | 3.047.065 |
| Rekstrarfjármunir | 12,37 | 109.025.236 | 110.645.873 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | 35 | 113.474.935 | 97.935.884 |
| Hlutdeildarfélög | 4 | 537.142 | 408.368 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 86.000 | 92.997 |
| Afleiðusamningar | 13,37 | 44.595.488 | 39.305.895 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 30.138 | 42.810 |
| Skatteign | 17 | 5.974.460 | 12.853.323 |
| Fastafjármunir samtals | | 277.220.374 | 264.332.215 |
| Veltufjármunir | | | |
| Birgðir | | 358.468 | 362.616 |
| Viðskiptaskuldir | | 2.010.077 | 3.392.085 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 1.371.889 | 3.410.584 |
| Afleiðusamningar | 13,37 | 766.037 | 45.470 |
| Handbært fé | 18 | 11.796.459 | 4.647.730 |
| Veltufjármunir samtals | | 16.302.930 | 11.858.485 |
| Eignir samtals | | 293.523.304 | 276.190.700 |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Eigendaframlög | 19 | 36.363.718 | 36.363.718 |
| Annað eigið fé | | 63.263.676 | 44.636.613 |
| | | 99.627.394 | 81.000.331 |
| Hlutdeild minnihluta | | 1.612.038 | 1.648.652 |
| Eigið fé samtals | | 101.239.432 | 82.648.983 |
| Langtímaskuldir | | | |
| Skuldir til langs tíma | 29 | 156.343.734 | 167.102.894 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 31 | 2.304.837 | 2.180.439 |
| Skuldbinding vegna niðurrifs | 12 | 433.767 | 420.441 |
| Afleiðusamningar | 13,37 | 9.467.916 | 10.890.363 |
| | | 168.550.254 | 180.594.137 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 7.284.274 | 5.371.984 |
| Áfallnir vextir | | 2.085.594 | 2.358.094 |
| Afborganir langtímaskulda á næsta ári | 30 | 14.363.750 | 4.330.070 |
| Afleiðusamningar | 13,37 | 0 | 887.432 |
| | | 23.733.618 | 12.947.580 |
| Skuldir samtals | | 192.283.872 | 193.541.717 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 293.523.304 | 276.190.700 |

Eiginfjáryfirlit 1. janúar 2006 til 30. júní 2007

| Breytingar á eigin fé 2006 | Skýr. | Eigenda- framlög | Annað eigið fé | Samtals | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|--------------------------------------|-------|---------------------|-------------------|------------|-------------------------|---------------------|
| Eigið fé 31. desember 2005 | | 32.750.143 | 25.252.419 | 58.002.562 | 1.720.118 | 59.722.679 |
| Breytingar vegna upptöku IFRS | 38 | 0 | 6.949.247 | 6.949.247 | (20.415) | 6.928.832 |
| Eigið fé 1. janúar 2006, IFRS | | 32.750.143 | 32.201.666 | 64.951.809 | 1.699.702 | 66.651.511 |
| Gengismunur v. dótturfélags | | | 27.486 | 27.486 | | 27.486 |
| Hagnaður (tap) ársins 2006 | | | 16.447.875 | 16.447.875 | (51.050) | 16.396.825 |
| Heildarhagnaður ársins 2006 | | | 16.475.361 | 16.475.361 | (51.050) | 16.424.311 |
| Endurmat eigendaframlaga | | 4.040.414 | (4.040.414) | | | 0 |
| Greiddur arður | | (426.839) | | (426.839) | | (426.839) |
| Eigið fé 31. desember 2006, IFRS ... | | 36.363.718 | 44.636.613 | 81.000.331 | 1.648.652 | 82.648.983 |

| Breytingar á eigin fé 2007 | | Eigenda- framlög | Annað eigið fé | Samtals | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|-------------------------------------|--|---------------------|-------------------|------------|-------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1. janúar 2007, IFRS | | 36.363.718 | 44.636.613 | 81.000.331 | 1.648.652 | 82.648.983 |
| Gengismunur v. dótturfélags | | | (41.752) | (41.752) | | (41.752) |
| Hagnaður janúar-júní 2007 | | | 19.168.815 | 19.168.815 | (36.614) | 19.132.201 |
| Heildarhagnaður janúar-júní 2007 .. | | | 19.127.063 | 19.127.063 | (36.614) | 19.090.449 |
| Greiddur arður | | | (500.000) | (500.000) | | (500.000) |
| Eigið fé 30. júní 2007, IFRS | | 36.363.718 | 63.263.676 | 99.627.394 | 1.612.038 | 101.239.432 |

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2007

| | 2007 1.1.-30.6. | 2006 1.1.-30.6. |
|---|--------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | |
| Innborganir viðskiptavina | 11.302.379 | 9.466.250 |
| Greiddur rekstrarkostnaður | (2.915.701) | (3.064.887) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta | 8.386.678 | 6.401.363 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 177.450 | 129.089 |
| Greidd vaxtagjöld | (2.030.872) | (1.542.293) |
| Gjaldeyrismunur og áhættuvarnir | (2.507.477) | 599.687 |
| Handbært fé frá rekstri | 4.025.779 | 5.587.846 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | |
| Kárahnjúkavirkjun - aflstöð | (14.347.847) | (14.128.188) |
| Fjárfesting í flutningsvirkjun | (1.251.052) | (2.737.368) |
| Virkjunarundirbúningur | (546.144) | (280.212) |
| Keypt hlutabréf | (143.114) | (34.300) |
| Aðrar fjárfestingar | (525.893) | (131.163) |
| Seldar eignir | 9.351 | 103.425 |
| Ógreiddur framkvæmdakostnaður, breyting | 2.902.129 | 1.058.190 |
| | (13.902.570) | (16.149.616) |
| Aðrar kröfur, breyting | 2.057.283 | (2.842.037) |
| | (11.845.287) | (18.991.653) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | |
| Ný lán | 18.735.673 | 37.824.508 |
| Afborganir lána til langs tíma | (3.225.684) | (19.450.608) |
| Arður til eigenda | (500.000) | (426.839) |
| | 15.009.989 | 17.947.061 |
| Hækkun á handbæru fé | 7.190.481 | 4.543.254 |
| Áhrif dótturfélaga..... | (41.752) | 36.106 |
| Handbært fé í ársbyrjun..... | 4.647.730 | 3.063.578 |
| Handbært fé í lok tímabilsins..... | 11.796.459 | 7.642.938 |

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfðustöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Samandregni árs hlutareikningurinn er fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 og hefur að geyma samstæðureikning fyrirtækisins og dótturfélaga þess. Stöður milli samstæðufélaga og viðskipti milli félaganna eru felldar út í samstæðureikningnum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir.

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandregni árs hlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti árs hlutareikningur Landsvirkjunar sem gerður er samkvæmt stöðlunum og hefur IFRS 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, verið beitt við gerð hans. Samandreginn árs hlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem birtar eru í ársreikningi.

Gerð árs hlutareiknings fyrirtækisins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiðir til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð síðasta árs hlutareiknings en hann var gerður samkvæmt íslenskum reikningsskilareglum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi árs hlutareikningur nær til. Þeim hefur enn fremur verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þann 1. janúar 2006 að því er varðar yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla, skv. IFRS I. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu Landsvirkjunar og afkomu hennar er að finna í skýringu 38. Skýringin inniheldur afstemmingar á eigin fé og afkomu samstæðunnar fyrir samanburðartímabil, annars vegar eins og þau voru þegar íslenskum reikningsskilaaðferðum var beitt og hins vegar eins og þau eru þegar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er beitt.

b. Matsaðferðir

Reikningsskilin hafa verið útbúin á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eftirfarandi eignir og skuldir eru metnar á gangvirði: afleiðusamningar, veltufjáreignir, veltufjárskuldir og eignarhlutar í öðrum félögum.

c. Framsetningar og starfrækslugjaldmiðill

Reikningsskilin eru sett fram í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill Landsvirkjunar og dótturfélaga. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð árs hlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Skýringar, frh.:

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa verulega áhrif á árshlutareikninginn er að finna í skýringu 22. Mat og ákvarðanir stjórnenda hafa mest áhrif á eftirfarandi skýringar:

- skýring nr. 9
- skýring nr. 11
- skýring nr. 22
- skýring nr. 37

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í árshlutareikningnum og jafnframt við gerð opnunarefnahagsreiknings 1. janúar 2006 vegna upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

3. Dótturfélög

a) Dótturfélög eru þau félög þar sem fyrirtækið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar fyrirtækið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Tekið er tillit til afkomu og efnahags dótturfélaga.

b) Viðskipti felld út úr samstæðureikningum

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, staða milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð árshlutareiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

c) Erlend dótturfélög

Eignir og skuldir erlendra starfsemi eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærsluna í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið meðal eigin fjár.

4. Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er. Fjárfesting í hlutdeildarfélögum er upphaflega færð á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar í hlutdeildarfélagi felur í sér viðskiptavild, að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun sem skilgreind er við kaup.

Árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í null og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafí gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

Skýringar, frh.:

5. Rekstrartekjur

Tekjur af raforkusölu og orkuflutningi eru sala til stóriðju og almenningsrafveitna samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á tímabilinu. Aðrar þjónustutekjur eru einnig færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu.

6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað fyrirtækið sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins.

7. Hreinar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum

Hreinar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér hagnað og tap af veltufjáreignum og veltufjárskuldum og allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar, arð og breytingar á gjaldeyrismun. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar arðsúthlutun er samþykkt.

8. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Aðrar eignir en peningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Efnislegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi dags er gangvirði var ákveðið.

9. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Fjáreign er talin hafa orðið fyrir virðisrýrnun ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað bendi til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi sem eignin gefur af sér verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun vegna fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar annars vegar og núvirtu framtíðarsjóðstreymi hins vegar, miðað við upphaflega virka vexti. Virðisrýrnun vegna fjáreigna til sölu er reiknað út með hliðsjón af gangvirði viðkomandi eigna á hverjum tíma.

Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu, sem áður hefur verið fært á eigið fé, er fært í rekstrarreikning þegar virðisrýrnun hefur átt sér stað.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti til atburða sem átt hafa sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Þegar um er að ræða annaðhvort fjáreignir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða skuldabréf sem færð eru sem fjáreignir til sölu, þá er bakfærsla virðisrýrnunar færð í rekstrarreikning. Þegar um er að ræða hlutabréf, sem færð eru sem fjáreignir til sölu, er bakfærsla virðisrýrnunar færð beint á eigið fé.

Skýringar, frh.:

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna fyrirtækisins, að undanskildum birgðum og reiknaðri skatteign, eru yfirfarnar á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess að svo sé er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð. Virðisrýrnunarprófanir eru gerðar að minnsta kosti árlega vegna óefnislegra eigna með ótilgreindan líftíma.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar og er hún færð í rekstrarreikning.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Virðisrýrnun annarra eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna tímabilsins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskattur færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi.

Reiknuð skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni.

Reiknuð skatteign er færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi samstæðunnar hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í árshlutareikningi en skattuppgjöri.

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og afskriftum.

Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Undirbúningskostnaður vegna virkjana er eignfærður meðal fastafjármuna. Kostnaðurinn er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur er tekið tillit til mögulegrar virðisrýrnunar ef áform breytast.

Vatnsréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma.

Skýringar, frh.:

12. Fastafjármunir

Rekstrarfjármunir

Fastafjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun. Kostnaðarverð fastafjármuna þann 1. janúar 2006, innleiðingardag IFRS, var ákvarðað jafnt og bókfært verð á sama degi.

Stofnverð fastafjármuna innifelur áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður háspennulína hefur verið metinn og núvirtur á forsendum um endingartíma og hefur skuldbinding vegna þessa verið færð meðal langtímaskulda. Í gegnum rekstrarreikning er færð til gjalda hækkun á skuldbindingunni vegna núvirðingar auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

Kostnaðarverð felur í sér allan þann kostnað sem fellur til við kaup eignar. Kostnaðarverð fastafjármuna sem byggðir eru í eigin reikning er samanlagður kostnaður við byggingu líkt og efniskostnaður og launakostnaður og jafnframt allur sá kostnaður sem fyrirtækið verður fyrir til að koma eigninni í starfhæft ástand.

Ef einstakir hlutar fastafjármuna hafa mismunandi áætlaðan nýtingartíma skal skipta þeim upp í samræmi við mismunandi líftíma þeirra.

Kostnaður við endurnýjun hluta fastafjármuna er færður til eignar ef líklegt þykir að kostnaðurinn feli í sér framtíðarávinning sem rennur til fyrirtækisins og jafnframt ef kostnaðurinn er mælanlegur. Rekstrarkostnaður fastafjármuna er færður í rekstrarreikning.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki reiknaðir vextir. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna.

Afskriftaaðferðir, áætlaður nýtingartími og hrakvirði eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi.

Afskriftahlutföll eru eftirfarandi:

| | | Nýtingar- tími |
|-------------------------------|------------|-------------------|
| Aflstöðvar: | | |
| Mannvirki | 1,67% | 60 ár |
| Vél- og rafbúnaður | 2,5-6,67% | 15-40 ár |
| Stíflur og veitur | 1,67-3,33% | 30-60 ár |
| Gufuaflstöðvar | 1,67-6,67% | 15-60 ár |
| Tengivirki | 5-20% | 20-40 ár |
| Háspennulínur | 2,00% | 50 ár |
| Skrifstofuhúsnæði | 2,00% | 50 ár |
| Áhöld og búnaður | 10-25% | 4-10 ár |
| Bifreiðar og vinnuvélar | 10-20% | 5-10 ár |
| Ljósleiðarar | 5,00% | 20 ár |
| Möstur | 7,00% | 15 ár |
| Fjarskiptahús | 6,00% | 17 ár |
| Annar fjarskiptabúnaður | 14-15% | 7 ár |

Skýringar, frh.:

13. Fjármálagerningar

Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé og ígildi handbærs fjár, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast vera afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Ef um er að ræða fjármálagerninga, sem ekki eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á gangvirði við upphaflega skráningu þeirra, þó með þeim undantekningum sem gerð er grein fyrir hér að neðan. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki teljast vera afleiðusamningar færðir með eftirfarandi hætti.

Fjármálagerningar eru færðir í árshlutareikning ef fyrirtækið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur fyrirtækisins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef fyrirtækið yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða nær allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem fyrirtækið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr árshlutareikningi ef þær skuldbindingar fyrirtækisins sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða eru ógiltar.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður. Gjaldkræfur yfirdráttur í banka, sem er órjúfanlegur hluti fjárstýringar fyrirtækisins, telst til handbærs fjár að því er varðar yfirlit um sjóðstreymi.

Í skýringu 6 er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur

Fjármálagerningur er færður á gangvirði og gangvirðisbreytingar í gegnum rekstrarreikning ef um er að ræða veltufjáreign eða ef hann er við upphaflega skráningu í bókhald tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstur. Fjármálagerningur er tilgreindur á gangvirði í gegnum rekstur ef fyrirtækið stýrir slíkum fjárfestingum og ákvörðun um kaup þeirra og sölu byggist á gangvirði þeirra. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning eftir því sem hann fellur til. Fjármálagerningar sem tilgreindir eru á gangvirði í gegnum rekstur eru færðir á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast til afleiðusamninga, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun ef um hana er að ræða.

Afleiðusamningar

Fyrirtækið gerir afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðla, vaxta- og álverðsáhættu. Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega ef efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðu afleiðunnar eru ekki nátengd.

Skýringar, frh.:

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Beinn viðskiptakostnaður vegna þeirra er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga eru færðar í samræmi við það sem að neðan greinir.

Hagrænar varnir

Áhættuvannarveikningsskilum er ekki beitt vegna afleiðusamninga sem ætlað er að verja peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gangvirðisbreytingar slíkra afleiðusamninga eru færðar meðal hreinna tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

Aðgreinanlegar innbyggðar afleiður

Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða sem unnt er að aðskilja frá grunnsamningi eru færðar í rekstrarreikning þegar gangvirðisbreyting á sér stað, sjá skýringu 37 um áhættustýringu.

14. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Fyrirtækið sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir fyrirtækið hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

15. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem fyrirtækið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda.

Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar fyrirtækið hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar fyrirtækið verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding fyrirtækisins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

Skýringar, frh.:

16. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

17. Skatteign

Reiknuð skatteign er færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi samstæðunnar hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í árshlutareikningi en skattuppgjöri.

18. Handbært fé

Sjóður og óbundnar innstæður teljast til handbærs fjár.

19. Eigið fé

Eigið fé samstæðunnar skiptist í eigendaframlög, annað eigið fé og hlutdeild minnihluta. Stofnfé móðurfélagsins er 36.364 milljónir króna og var það endurmetið til ársloka 2006.

20. Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar þegar fyrirtækið hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti.

21. Reikningsskilastaðlar sem ekki hafa verið innleiddir

Eftirfarandi eru nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkningar á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á gerð þessa árshlutareiknings.

IFRS 8 *Starfsþættir* segir til um hvernig félag skuli í reikningsskilum sínum gera grein fyrir upplýsingum er varða starfsþætti þess, vörur og þjónustu sem það selur, landfræðileg svæði þar sem það starfar og helstu viðskiptavinum þess. IFRS 8 gildir fyrir tímabil sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRIC 12 – Þjónustusamningar einkafyrirtækja við hið opinbera gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

22. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Stjórnendur samstæðunnar taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem geta haft áhrif á liði í efnahagsreikningi samstæðunnar á næsta tímabili. Stjórnendur endurmeta reglulega ákvarðanir og mat byggt á reynslu fyrri ára og öðrum viðeigandi þáttum, svo sem væntingum um framtíðaratburði þegar ákvarðanir um mat og forsendur eru teknar.

Gangvirði afleiðusamninga

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Skýringar, frh.:

Laun og launatengd gjöld

| 23. Heildarlaun starfsmanna greinast þannig: | 2007 | 2006 |
|--|--------------|--------------|
| | 1.1.-30.6. | 1.1.-30.6. |
| Laun | 1.094 | 1.033 |
| Eftirlaun og lífeyrishækkunir | 208 | 208 |
| Önnur launatengd gjöld | 263 | 225 |
| | <u>1.565</u> | <u>1.466</u> |

Laun skiptast þannig í rekstrarreikningi:

| | | |
|-------------------------------|--------------|--------------|
| Orkusvið | 489 | 481 |
| Flutningskerfi | 409 | 364 |
| Almennar rannsóknir | 50 | 49 |
| Annar rekstrarkostnaður | 617 | 572 |
| | <u>1.565</u> | <u>1.466</u> |

Annar rekstrarkostnaður

24. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig í milljónum króna:

| | 2007 | 2006 |
|---|--------------|--------------|
| | 1.1.-30.6. | 1.1.-30.6. |
| Yfirstjórn og stoðdeildir | 125 | 109 |
| Fjármálasvið | 109 | 127 |
| Starfsmannasvið | 39 | 41 |
| Upplýsingasvið | 95 | 73 |
| Verkfræði- og framkvæmdasvið | 94 | 113 |
| Eftirlaun og lífeyrishækkunir | 174 | 119 |
| Afskriftir | 300 | 184 |
| Annar sameiginlegur kostnaður | 52 | 85 |
| | <u>988</u> | <u>851</u> |
| Annar rekstrarkostnaður í dótturfélögum | 277 | 235 |
| | <u>1.265</u> | <u>1.086</u> |

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

| 25. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig í milljónum króna: | 2007 | 2006 |
|---|-----------------|------------------|
| | 1.1.-30.6. | 1.1.-30.6. |
| Vaxtatekjur | 177 | 132 |
| Vaxtagjöld | (4.204) | (4.305) |
| Ábyrgðargjald til eigenda | (202) | (167) |
| Fært á nýbyggingar | 2.106 | 1.207 |
| | <u>(2.123)</u> | <u>(3.133)</u> |
| Gjaldeyrismunur | 18.611 | (22.961) |
| Gangvirðisbreyting afleiðusamninga | 4.059 | 12.353 |
| | <u>20.547</u> | <u>(13.741)</u> |

Vaxtakostnaður af nýju lánsfé vegna mannvirkja í byggingu var um 4,19%. Eignfærður vaxtakostnaður að viðbættu álagi vegna ábyrgðargjalds nam 4,44% af bundnu fé í mannvirkjum í byggingu.

Skýringar, frh.:

Fastafjármunir

26. Óefnislegar eignir greinast þannig í milljónum króna:

| | Eignfærður | | | |
|---|----------------------------|--------------------|------------|---------|
| | undirbúnings- kostnaður | Vatns- réttindi | Hugbúnaður | Samtals |
| 2006 | | | | |
| Heildarverð í ársbyrjun | 1.732 | 881 | 40 | 2.653 |
| Aukning 1.1.-31.12.2006 | 957 | 0 | 93 | 1.050 |
| Afskriftir og virðisrýmun 1.1.-31.12.2006 | (638) | 0 | (18) | (656) |
| Bókfært verð í árslok | 2.051 | 881 | 115 | 3.047 |
| | | | | |
| | Eignfærður | | | |
| | undirbúnings- kostnaður | Vatns- réttindi | Hugbúnaður | Samtals |
| 2007 | | | | |
| Heildarverð í ársbyrjun | 2.051 | 881 | 115 | 3.047 |
| Aukning 1.1.-30.6.2007 | 646 | 0 | 86 | 732 |
| Afskriftir og virðisrýmun 1.1.-30.6.2007 | (261) | 0 | (21) | (282) |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 2.436 | 881 | 180 | 3.497 |

27. Fastafjármunir, stofnverð þeirra og afskriftir greinast þannig í milljónum króna:

| | Afl- stöðvar | Flutnings- virki | Aðrar eignir | Samtals 2006 |
|--|-----------------|---------------------|-----------------|-----------------|
| 2006 | | | | |
| Heildarverð í ársbyrjun | 166.991 | 23.901 | 5.120 | 196.012 |
| Aukning 1.1.-31.12.2006 | 271 | 9 | 930 | 1.210 |
| Millifært af flutningsvirkjum í byggingu | | 5.548 | 1 | 5.549 |
| Niðurlagt eða selt | 0 | (52) | (903) | (955) |
| Heildarverð í lok ársins | 167.262 | 29.406 | 5.148 | 201.816 |
| Afskrifað áður | 85.748 | 1 | 1.554 | 87.303 |
| Afskrifað 1.1.-31.12.2006 | 2.813 | 1.069 | 239 | 4.121 |
| Niðurlagt eða selt | 0 | 0 | (253) | (253) |
| Afskrifað samtals | 88.561 | 1.070 | 1.540 | 91.171 |
| Bókfært verð í árslok | 78.701 | 28.336 | 3.608 | 110.646 |
| | | | | |
| | Afl- stöðvar | Flutnings- virki | Aðrar eignir | Samtals 2007 |
| 2007 | | | | |
| Heildarverð í ársbyrjun | 167.262 | 29.406 | 5.148 | 201.816 |
| Aukning á tímabilinu | 198 | 60 | 148 | 406 |
| Niðurlagt eða selt | 0 | 0 | (67) | (67) |
| Heildarverð í lok tímabilsins | 167.460 | 29.466 | 5.229 | 202.155 |
| Afskrifað áður | 88.561 | 1.070 | 1.540 | 91.171 |
| Afskrifað 1.1.-30.6.2007 | 1.388 | 505 | 127 | 2.020 |
| Niðurlagt eða selt | 0 | 0 | (60) | (60) |
| Afskrifað samtals | 89.949 | 1.575 | 1.607 | 93.131 |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 77.511 | 27.891 | 3.622 | 109.025 |

Skýringar, frh.:

| 28. Afskriftir samstæðunnar sundurliðast þannig í milljónum króna: | 2007 1.1.-30.6. | 2006 1.1.-30.6. |
|--|--------------------|--------------------|
| Aflstöðvar | 1.388 | 1.426 |
| Flutningsvirki | 505 | 536 |
| Aðrar eignir | 127 | 123 |
| Afskrift eigna í rekstri | 2.020 | 2.085 |
| Virðisrýrnun á undirbúningskostnaði | 261 | 155 |
| Afskriftir hugbúnaðar | 21 | 8 |
| | <u>2.302</u> | <u>2.248</u> |

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

| | | |
|-------------------------------|--------------|--------------|
| Orkusvið | 1.410 | 1.450 |
| Flutningskerfi | 567 | 587 |
| Annar rekstrarkostnaður | 325 | 211 |
| | <u>2.302</u> | <u>2.248</u> |

Langtímaskuldir

29. Langtímaskuldir greinast þannig eftir myntum í milljónum króna:

| | 30.6. 2007 | | | 31.12. 2006 | |
|--------------------------------------|-------------------|--------------------|---------------------------|-------------------|--------------------|
| | Erlend fjárhæð | Innlend fjárhæð | Verðbætur Gjaldeyrism. | Erlend fjárhæð | Innlend fjárhæð |
| Bandaríkjadollar | 654,2 | 40.809 | 6.156 | 625,9 | 45.064 |
| Evra | 1.069,5 | 90.108 | 10.019 | 909,6 | 86.297 |
| Íslensk króna | | 34.105 | (756) | | 33.412 |
| Japanskt jen | 4.855,7 | 2.457 | 485 | 4.858,7 | 2.945 |
| Svissneskur franki | 40,7 | 2.070 | 333 | 40,7 | 2.405 |
| Sterlingspund | 9,3 | 1.159 | 150 | 9,3 | 1.310 |
| | | <u>170.708</u> | <u>16.387</u> | | <u>171.433</u> |
| Afborganir næsta árs | | 14.364 | | | 4.330 |
| Skuldir til langs tíma samtals | | <u>156.344</u> | | | <u>167.103</u> |

Vaxtakjör af lánum móðurfyrirtækisins eru frá 1-14,5%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 4,53% en þeir voru um 4,63% árið áður.

Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera einfalda ábyrgð með ríkissjóði á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað var til fyrir árslok 2006. Frá upphafi árs 2007 bera ríkissjóður og Eignarhlutir ehf. einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað er til eftir þann tíma.

Skýringar, frh.:

30. Samkvæmt lánasamningum eiga afborganir langtímaskulda að vera sem hér segir í milljónum króna:

| | 30.6. 2007 |
|---------------------------------|----------------|
| 01.07. 2007 - 30.6. 2008 | 14.364 |
| 01.07. 2008 - 31.12. 2008 | 3.434 |
| 2009 | 1.689 |
| 2010 | 9.833 |
| 2011 | 13.459 |
| Síðar | 127.929 |
| | <u>170.708</u> |

Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir endurfjármögnun móðurfélagsins á langtímaskuldum til lengingar lánstíma. Því má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

31. Skuldbinding fyrirtækisins til greiðslu verðbóta á eftirlaun lífeyrisþega sem réttindi eiga hjá lífeyrissjóðum ríkis- og bæjarstarfsmanna nam 2.180 millj. kr. í árslok 2006 samkvæmt mati tryggingastærðfræðings, en við útreikningana er miðað við áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar í framtíðinni. Vextir umfram hækkun verðlags eru taldir 3,5% og hækkun launa umfram hækkun verðlags er metin 1,5% á ári til jafnaðar. Forsendur um lífslíkur og dánartíðni eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrissjóðum og starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrisaldur er reiknaður 68 ár hjá þeim sjóðfélögum sem eru virkir en 65 ár fyrir þá sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og eiga geymd réttindi. Er þetta í samræmi við viðmiðanir hjá LSR. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á fyrstu sex mánuðum ársins byggir á almennri hækkun launa á tímabilinu sem er áætluð 170 milljónir króna.

32. Tengdir aðilar.

Dótturfélög eru þau félög þar sem fyrirtækið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar fyrirtækið hefur veruleg áhrif, bein og óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Bókfært verð miðast við lok júní 2007.

33. Dótturfélög Landsvirkjunar eru eftirfarandi.

| | Eignarhluti | Bókfært verð |
|-------------------------------------|-------------|--------------|
| Fjarski ehf. | 100,0% | 203 |
| Icelandic Power Insurance Ltd. | 100,0% | 299 |
| Íslensk jarðhitatækni ehf. | 74,0% | 9 |
| Landsnet hf. | 69,4% | 3.656 |
| Landsvirkjun Invest ehf. | 100,0% | 110 |
| | | <u>4.277</u> |

Önnur mál

34. Í árslok 2005 var samið við Félag landeigenda við Jökulsá á Dal og fulltrúa réttihafa vegna vatnsréttinda í Jökulsá í Fljótsdal um að skipa sérstaka matsnefnd til að meta verðmæti vatnsréttinda vegna Kárahnjúkavirkjunar og hvernig greiðslur fyrir þau skuli skiptast á milli réttihafa. Matsmálið var flutt fyrir nefndinni í maí 2007 og er búist við niðurstöðu nefndarinnar í lok ágúst.

35. Á árinu 2003 hófust virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka í framhaldi af gerð orkusölusamnings við Fjarðaál, dótturfélag Alcoa. Þar hefur verið reist 690 MW aflstöð og jafnframt lagðar flutningslínur til Reyðarfjarðar. Stefnt er að því að fyrsta vél virkjunarinnar af sex verði gangsett á fjórða ársfjórðungi 2007. Nánari lýsingar á magnþöllum og áætluðum framkvæmdum er að finna á heimasíðu virkjunarinnar www.karahnjukar.is.

Í lok júní 2007 nam uppsafnaður byggingarkostnaður Kárahnjúkavirkjunar rúmum 103,1 milljörðum króna. Byggingakostnaður vegna flutningsvirkja í byggingu nam 10,4 milljörðum króna.

36. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringar eða breytingar á árshlutareikningi janúar til júní 2007.

37. Áhættustýring

Landsvirkjun stendur frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu í starfsemi sinni. Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun er greining áhættuþátta, mæling áhættunnar, viðbrögð til að takmarka áhættuna og eftirlit með henni. Stjórn fyrirtækisins hefur samþykkt stefnu við áhættustýringu sem byggir á eftirfarandi þáttum:

- Að áhætta sé skilgreind og uppruni hennar þekktur
- Að notaðar séu viðurkenndar aðferðir til mælingar á áhættu
- Að beitt sé virkri stýringu í samræmi við heimildir
- Að virkt eftirlit með áhættuþáttum sé tryggt
- Að upplýsingagjöf til áhættustjórnar og stjórnar sé regluleg og ítarleg

Helstu fjárhagslegir áhættuþættir Landsvirkjunar eru auk markaðsáhættu (gengis-, vaxta- og álverðsáhætta), lausafjáraáhætta og mótaðilaáhætta. Fjallað er um helstu áhættuþætti hér á eftir.

Skipulag áhættustýringar

Landsvirkjun leggur áherslu á eftirlit og virka stýringu áhættu og hefur skipulag áhættustýringar verið ákvarðað með það að leiðarljósi.

Í stefnu Landsvirkjunar um áhættustýringu eru skilgreind ásættanleg áhættumörk í hverjum áhættuflokki í samræmi við skilgreind markmið um æskilega langtímastöðu. Stjórn fyrirtækisins fær reglulega yfirlit þar sem áhætta félagsins og árangur áhættustýringar er metinn.

Skýringar, frh.:

Ákvörðunartaka og eftirlit varðandi framkvæmd áhættustýringar er í höndum áhættustjórnar. Í áhættustjórn sitja forstjóri, staðgengill forstjóra og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Forstjóri er formaður áhættustjórnar. Dagleg áhættustýring er í höndum yfirmanns áhættustýringar.

Áhættustýring hefur það meginmarkmið að greina, stýra og fylgjast með áhættu Landsvirkjunar í þeim tilgangi að treysta rekstrarafkomu fyrirtækisins með því að draga úr sveiflum í rekstri vegna breytinga á gengi, vöxtum og álverði.

Fjárhagsleg áhætta

Markaðsáhætta fyrirtækisins er einkum þrenns konar:


- Áhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli.
- Vaxtaáhætta vegna lána fyrirtækisins.
- Gjaldeyrisáhætta vegna skulda og tekna í erlendri mynt

Lausafjáraáhætta og mótaðilaáhætta teljast einnig til fjárhagslegrar áhættu en áhætta vegna þessara þátta hefur ekki mikil áhrif á rekstur fyrirtækisins.


Álverðsáhætta

Áhætta fyrirtækisins af breytingum á álverði er umtalsverð og eykst með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar. Áhættustýring fylgist með stöðu og þróun á álmörkuðum. Jafnframt er leitað til erlendra sérfræðinga varðandi spár um álverð til lengra tíma lítið auk eigin greininga.

Undanfarin ár hefur heimsmarkaðsverð á hrávörum hækkað mikið og er ál þar engin undantekning. Á árinu 2003 var þriggja mánaða álverð á LME (London Metal Exchange) að meðaltali innan við \$1.400/tonn en hækkaði í \$2.800/tonn í lok árs 2006. Á árinu 2007 hefur þriggja mánaða álverð á LME verið í kringum \$2,800/tonn og lítið breyst. Framvirkt álverð hefur hins vegar hækkað töluvert yfir sama tímabil. Þannig hefur t.d. framvirkt álverð til desember 2010 hækkað um \$220/tonn frá árslokum 2006 til loka júní 2007 (sjá mynd).



Álverð hefur í senn hækkað meira og haldist lengur hátt en spár sérfræðinga gerðu ráð fyrir, enda um tvöföldun verðs á áli að ræða sé miðað við tímabilið 2003-2006. Ljóst er að áhætta Landsvirkjunar markast af mögulegri lækkun áls í framtíðinni og hefur fyrirtækið í því sambandi gert afleiðusamninga til þess að treysta tekjugrundvöll sinn til lengri tíma.



Eins og fram kemur hér að framan hefur Landsvirkjun gert áhættuvarnarsamninga til þess að draga úr sveiflum í afkomu fyrirtækisins. Áhættuvarnarsamningar hafa það markmið að draga úr áhrifum verðlækkunar álverðs. Í flestum tilvikum fela slíkir samningar í sér að álverð er fest á ákveðnu bili. Notast er við hefðbundna afleiðusamninga í því skyni. Í lok júní var gangvirði áhættuvarnarsamninga neikvætt um 9,3 ma.kr. en samningarnir eru virkir til næstu sex ára. Heimildir áhættustýringar til álverðsvarna fara stíglækkandi ár frá ári fram í tímann. Þannig er áhættustýringu heimilt að verja allt að 100% af álverðsáhættu næsta árs en aðeins 10% af samsvarandi áhættu sex ár fram í tímann.

Með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla verður sú megin breyting á reikningsskilum Landsvirkjunar að fyrirtækið færir alla afleiðusamninga í bókhald sitt en veitir ekki eingöngu upplýsingar um gangvirði þeirra í skýringum eins og fyrirtækið hefur gert hingað til. Þá þarf jafnframt að sýna áhrif innbyggðra afleiða í raforkusamningum sem fyrirtækið hefur nú gert. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum teljast innbyggðar afleiður vera afleiðusamningar sem eru hluti af öðrum samningum, en eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalega samningnum. Landsvirkjun hefur skilgreint þann hluta raforkusamninga sem tengjast álverði sem innbyggðar afleiður. Af þeim sökum tekur gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusamningum fyrirtækisins breytingum samhliða verðbreytingum á álverði. Breyting á gangvirði samninganna yfir tímabil færir því í reikningsskil Landsvirkjunar. Gangvirðisbreyting á innbyggðum afleiðum hefur takmörkuð áhrif á sjóðstreymi fyrirtækisins þar sem samningarnir eru til allt að 40 ára.

Við mat á virði innbyggðra afleiða er beitt viðurkenndum matsaðferðum. Gangvirði samninganna er reiknað út frá framvirku verði á áli með eingreiðsluvaxtaferli (e. zero-coupon) í Bandaríkjunum að teknu tilliti til flöktis. Virkur markaður með ál er um 7 ár og því þarf að áætla álverð frá þeim tíma til loka undirliggjandi raforkusamnings. Það hefur verið gert með því að framlengja framvirka álferilinn með óbreyttum verðum frá síðasta virka verði í ferlinum. Við útreikninga á gangvirði innbyggðra afleiða hefur verið tekið tillit til óvissu um framvirk álverð í tengslum við langan líftíma samninganna.

Landsvirkjun hefur gert samninga um kaup á raforku til endursölu til stóriðju. Þessir samningar eru tengdir verðþróun áls og hafa því innbyggðar afleiður. Gangvirði samninganna er reiknað á sama hátt og með sömu forsendum og raforkusamningar fyrirtækisins.

Jákvætt gangvirði innbyggðra afleiða að teknu tilliti til afleiðusamninga sem gerðir hafa verið í áhættuvarnarskyni nam í lok júní 32,5 ma.kr. Meðfylgjandi mynd sýnir næmnigreiningu á gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusamningum miðað við breytingar á álverði, vöxtum og flökti.

Skýringar, frh.:

| Breytingar frá grunngildi - upphæðir í USD | | | | |
|--|-----|--------------|--------------|--------------|
| Álverð [-10%] | | | | |
| | | Flökt | | |
| | | -10% | 0% | 10% |
| Vextir | -1% | -73,899,928 | -74,272,454 | -74,482,803 |
| | 0% | -168,772,410 | -169,145,125 | -169,363,154 |
| | 1% | -251,249,836 | -249,861,432 | -251,846,945 |
| Álverð [0%] | | | | |
| | | Flökt | | |
| | | -10% | 0% | 10% |
| Vextir | -1% | 106,240,015 | 105,531,704 | 104,987,233 |
| | 0% | 685,617 | 0 | -530,899 |
| | 1% | -91,088,971 | -91,752,689 | -92,270,312 |
| Álverð [10%] | | | | |
| | | Flökt | | |
| | | -10% | 0% | 10% |
| Vextir | -1% | 285,194,540 | 284,352,470 | 283,643,028 |
| | 0% | 168,992,994 | 168,186,194 | 167,503,544 |
| | 1% | 67,954,830 | 67,181,644 | 66,524,640 |

Vaxtaáhætta

Landsvirkjun hefur gert samninga um vaxtaskipti sem aðallega eru gerðir til að festa vexti til lengri tíma litið. Vaxtaskiptasamningar hafa dregið úr áhættu og lækkað fjármagnskostnað Landsvirkjunar á undanföllum árum. Markmið fyrirtækisins með vaxtastýringu miðar að því að lækka vaxtakostnað til lengri tíma litið. Í lok júní var hlutfall lána með fasta vexti um 30% og jákvætt gangvirði vaxtaskiptasamninga um 377 m.kr. Undirliggjandi fjárhæðir nema 14,7 ma.kr.

Gjaldeyrissáhætta

Landsvirkjun hefur gert gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu sína.

Gjaldeyrissáhætta felur í sér áhættu á tapi vegna hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Áhættan verður til vegna mismunar í innstreymi og útstreymi fjármagns eftir myntum og samsetningu lánasafns. Gjaldeyrissáhætta í sjóðstreymi tengist aðallega tekjum vegna raforkusölu til stóriðju, afborgunum og vaxtagreiðslum af erlendum lánnum ásamt erlendum innkaupum.

Töluverðar sveiflur geta orðið á lánasafni fyrirtækisins gagnvart íslensku krónunni yfir uppgjörstímabil, þar sem rúmlega 80% af lánasafninu er í erlendra mynt. Áhættan af breytingum lánasafnsins er takmörkuð miðað við áhættuviðmið stjórnar hverju sinni. Í því skyni notar fyrirtækið gjaldmiðlaskiptasamninga og vilnanir. Fyrirtækið tryggir að auki fast gengi sjóðstreymis gagnvart uppgjörsmýnt allt að þrjú ár fram í tímann með framvirkum samningum og vilnunum. Breyting íslensku krónunnar um 10% á móti helstu myntum 30. júní 2007 hefði haft í för með sér breytingu á rekstrarafkomu sem nemur um 13 ma.kr. og er þá ekki tekið tillit til skattaáhrifa. Greiningin gerir ráð fyrir að allar aðrar breytur séu óbreyttar. Landsvirkjun er meðvituð um áhrif breytinga á gengi íslensku krónunnar á rekstrarafkomu fyrirtækisins. Erlendum hluta lánasafnsins er stýrt m.t.t. samsetningar gengisvísitölu krónunnar auk þess sem tekið er tillit til samsetningar tekna fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur ekki farið þá leið að auka vægi krónunnar í lánasafninu þar sem það hefði í för með sér aukna vaxtabyrði til lengri tíma litið. Meiri áhersla hefur verið lögð á að verja sjóðstreymi sem í auknum mæli er tengt Bandaríkjadal. Samsetning lánasafnsins hefur tekið mið af þessu og hefur fyrirtækið markvisst aukið vægi dollarans í lánasafninu.

Skýringar, frh.:

Gangvirði gjaldeyrissektasamninga var jákvætt um 2,8 ma.kr. í lok júní 2007. Undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur sem svarar til 53,5 ma.kr.

Gangvirði framvirkra samninga með gjaldeyri var jákvætt um 7,5 m.kr. en undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur sem svarar til um 624 m.kr.

Gangvirði valréttarsamninga með gjaldeyri í lok júní var jákvætt um 206 m.kr. og undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nemur sem svarar til um 7,5 ma.kr.


Lausafjánhætta

Lausafjánhætta felur í sér hættu á tapi ef fyrirtækið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á gjalddaga. Til þess að bregðast við slíkri áhættu er fylgst með lausafjárstöðu fyrirtækisins með greiningu á innborgunum tekna og útborgun gjalda og gjalddögum fjáreigna og fjárskulda. Virk stýring lausafjár tryggir nægjanlegt aðgengi að lausafé á hverjum tíma.

Til að tryggja greiðan aðgang að fjármagni og viðhalda sveigjanleika í fjármögnun hefur Landsvirkjun nýtt sér mismunandi tegundir lána. Undanfarin ár hefur fjármögnun þó að mestu farið fram í gegnum EMTN (e. Euro Medium Term Note) rammisamning fyrirtækisins. Með honum er sýnileiki fyrirtækisins á erlendum lánsfjármörkuðum tryggður og hefur framboð fjármagns verið umfram eftirspurn. Heildarupphæð sem fyrirtækið getur tekið að láni í gegnum EMTN samninginn er 2 ma. USD.

Ríkisábyrgð á lánunum Landsvirkjunar og góð lánshefiseinkunn hefur auðveldað fyrirtækinu lánsfjármögnun. Fyrir ríkisábyrgðina á lánunum greiðir Landsvirkjun árlega 0,25% ábyrgðargjald á höfuðstól lána á hverjum tíma.

Endurfjármögnunaráhætta fyrirtækisins er takmörkuð með jafnri dreifingu afborganna og vaxta og með löngum líftíma útistandandi lána. Greiðsludreifing afborganna og vaxta er sundurliðuð í meðfylgjandi mynd. Tekið er tillit til gjaldmiðlaskiptasamninga.



Skýringar, frh.:

Landsvirkjun hefur það að markmiði sínu að hafa fyrirvaralítið aðgang að lausafé sem samsvarar að jafnaði til sex mánaða hreinnar fjárþarfar fyrirtækisins. Til lausafjár teljast sjóðir, skammtímaverðbréf og opnar lánalínur hjá fjármálafyrirtækjum. Í lok júní 2007 var þessi upphæð 11,8 ma.kr. sem samsvarar um níu mánaða hreinni fjárþörf. Landsvirkjun hefur jafnframt aðgang að veltiláni að fjárhæð 400 milljónir Bandaríkjadala sem tryggir nægan aðgang að lánsfé ef aðstæður á skuldabréfamörkuðum breytast tímabundið.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta felur í sér áhættu um að gagnaðili samnings uppfylli ekki ákvæði hans. Mótaðilaáhætta Landsvirkjunar verður fyrst og fremst til vegna raforkusamninga og afleiðusamninga fyrirtækisins sem eru gerðir í áhættuvarnarskyni, en slíkir samningar eru eingöngu gerðir við fjármálafyrirtæki. Þó svo um verulegar fjárhæðir geti verið að ræða er áhættan takmörkuð með kröfum fyrirtækisins um gæði mótaðila. Landsvirkjun hefur sett sér sem viðmið varðandi afleiðuviðskipti að ekki eru gerðir samningar við fjármálastofnanir sem hafa lægri lánshæfiseinkunn en AA- frá Standard og Poor's eða sambærilega lánshæfiseinkunn frá öðrum viðurkenndum matsfyrirtækjum, nema því aðeins að gerðir séu sérstakir tryggingasamningar milli aðila sem takmarka áhættu Landsvirkjunar. Áður en gerðir eru samningar um sölu á raforku er farið ítarlega yfir fjárhagsstöðu viðkomandi fyrirtækja og móðurfélaga þeirra ef við á.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

38. Eins og tekið er fram í skýringu 2 um reikningsskilaaðferðir, þá er þetta í fyrsta sinn sem Landsvirkjun birtir samandreginn árs hlutareikning samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til júní 2007 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2006 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2006.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2006 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslenskar reikningsskilavenjur. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna áhrif yfirfærslu frá íslenskum reikningsskilavenjum í alþjóðlega reikningsskilastaðla.

| Breyting á eigin fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla: | Eigið fé |
|---|--------------------|
| Eigið fé samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum 31. desember 2006 | 61.106.667 |
| Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2007 | 81.000.331 |
| Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla | 19.893.664 |
| Breytingar í byrjun árs 2006: | |
| Afleiðusamningar | IAS 39 9.443.207 |
| Hlutdeildarfélag | IAS 28 7.663 |
| Dótturfélög | (46.387) |
| Skattaáhrif | IAS 12 (2.455.234) |
| Samtals breytingar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla 1. janúar 2006 | 6.949.249 |
| Breytingar á árinu 2006: | |
| Afleiðusamningar | IAS 39 17.230.809 |
| Afskriftir fastafjármuna | IAS 16 335.703 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага | IAS 28 (56.324) |
| Aðrar breytingar | 1.520 |
| Skattaáhrif | IAS 12 (4.567.293) |
| Áhrif vegna innleiðingar IFRS á afkomu 2006 | 12.944.415 |
| Samtals breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla | 19.893.664 |
| Breyting á hagnaði ársins 2006: | |
| Hagnaður samkvæmt fyrri reikningsskilavenjum | 3.503.460 |
| Áhrif vegna innleiðingar IFRS á afkomu ársins | 12.944.415 |
| Heildarhagnaður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum | 16.447.875 |

Áhrif á eigið fé vegna yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla er hækkun um 19.894 milljónir kóna. Hér á eftir er nánar farið yfir áhrifin af þessum nýju reikningsskilaaðferðum á rekstrar- og efnahagsreikning.

Afleiðusamningar

Í samræmi við IAS 39 hefur Landsvirkjun fært afleiðusamninga og innbyggða afleiðusamninga á gangvirði og leiddi það til hækkunar á eigin fé um 26.674 milljónir króna.

Hlutdeildarfélag

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð í samstæðureikningsskilunum. Þessi breyting lækkar bókfært eigið fé um 49 milljónir króna miðað við fyrri reikningsskilaaðferðir.

Rekstrarfjármunir

Við innleiðingu IFRS var afskriftaraðferðum samstæðunnar breytt til samræmis við IAS 16. Þessi breyting hefur þau áhrif að gjaldfærðar afskriftir árið 2006 eru 336 milljónum krónum lægri en samkvæmt eldri reikningsskilareglum.

Dótturfélög

Áhrif vegna innleiðingar IFRS á dótturfélög eru þau að eigið fé lækkar um 44 milljónir króna.

Tekjuskattur

Heildaráhrif vegna innleiðingar IFRS á tekjuskatt eru þau að eigið fé lækkar um 7.023 milljónir króna.

Skýringar, frh.:

Frá fyrri reikningsskilareglum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit um áhrif yfirfærslunnar yfir í alþjóðlegu reikningsskilastaðlana greint eftir breytingu á mati og framsetningu.

Rekstrarreikningur 2006, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

| Fyrri reikningsskilaaðferðir | Breyting á | | | Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar |
|--|------------------|----------------------|-------------|--|
| | Matsbreyting | framsetningu | | |
| Raforkusala | 17.243.387 | | | 17.243.387 Raforkusala |
| Flutningstekjur | 3.060.148 | | | 3.060.148 Flutningstekjur |
| Aðrar tekjur | 994.153 | | | 994.153 Aðrar tekjur |
| Orkusvið | (2.629.981) | (2.860.011) | (5.489.992) | (5.489.992) Orkusvið |
| Flutningskerfi | (1.255.839) | 1.520 (1.188.383) | (2.442.702) | (2.442.702) Flutningskerfi |
| Almennar rannsóknir | (333.026) | | (333.026) | (333.026) Almennar rannsóknir |
| Annar rekstrarkostnaður | (2.158.359) | (746.611) | (2.904.970) | (2.904.970) Annar rekstrarkostnaður |
| Afskriftir | (5.131.378) | 335.703 4.795.675 | 0 | 0 Afskriftir |
| Vaxtatekjur | 453.080 | | 453.080 | 453.080 Vaxtatekjur |
| Vaxtagjöld | (3.584.963) | (2.092.122) | (5.677.085) | (5.677.085) Vaxtagjöld |
| Gengismunur og verðbætur | (23.068.646) | 17.230.809 2.092.122 | (3.745.715) | (3.745.715) Hreinar tekjur (gjöld) af fjáreignum/fjárskuldum |
| | | (56.324) | (56.324) | Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага |
| Tekjuskattur | 19.863.164 | (4.567.293) | 15.295.871 | 15.295.871 Tekjuskattur |
| | 3.451.740 | 12.944.415 | 16.396.825 | 16.396.825 Hagnaður ársins |
| Hlutdeild minnihluta í tapi | 51.720 | (670) | 51.050 | 51.050 Hlutdeild minnihluta í tapi |
| Hagnaður ársins samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum | 3.503.460 | 12.944.415 | 0 | 16.447.875 |
| | | | | Hagnaður ársins tilheyrandi eigendum Landsvirkjunar |

Skýringar, frh.:

Efnahagsreikningur, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

| Fyrri reikningsskilaaðferðir 31. desember 2006 | | Matsbreyting | Breyting á framsetningu | | Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar 1. janúar 2007 |
|--|--------------------|-------------------|-------------------------|--------------------|--|
| Fastafjármunir | | | | | |
| Rekstrarfjármunir | 110.924.047 | 718.080 | (996.254) | 110.645.873 | Rekstrarfjármunir |
| Eignf. undirbúningskostnaður | 2.091.545 | | (2.091.545) | 0 | |
| | | (40.734) | 3.087.799 | 3.047.065 | Óefnislegar eignir |
| Mannvirki í byggingu | 97.935.884 | | | 97.935.884 | Mannvirki í byggingu |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 550.026 | | (457.029) | 92.997 | Eignarhlutir í öðrum félögum |
| | | (48.661) | 457.029 | 408.368 | Hlutdeildarfélög |
| Aðrar langtímakröfur | 42.810 | | | 42.810 | Aðrar langtímakröfur |
| | | 39.305.895 | | 39.305.895 | Afleiðusamningar |
| Skatteign | 19.861.666 | (7.008.343) | | 12.853.323 | Skatteign |
| Fastafjármunir samtals | 231.405.978 | 32.926.237 | 0 | 264.332.215 | |
| Veltufjármunir | | | | | |
| Viðskiptakröfur | 3.392.085 | | | 3.392.085 | Viðskiptakröfur |
| Aðrar skammtímakröfur | 3.410.584 | | | 3.410.584 | Aðrar skammtímakröfur |
| | | 45.470 | | 45.470 | Afleiðusamningar |
| Birgðir | 362.616 | | | 362.616 | Birgðir |
| Handbært fé | 4.647.730 | | | 4.647.730 | Handbært fé |
| Veltufjármunir samtals | 11.813.015 | 45.470 | 0 | 11.858.485 | |
| Eignir samtals | 243.218.993 | 32.971.707 | 0 | 276.190.700 | Eignir samtals |
| Langtímaskuldir | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 2.180.439 | | | 2.180.439 | Lífeyrisskuldbinding |
| Skuldir til langs tíma | 163.740.062 | 899.555 | 2.463.278 | 167.102.895 | Skuldir til langs tíma |
| | | 420.441 | | 420.441 | Skuldbinding vegna niðurrifs |
| | | 10.890.363 | | 10.890.363 | Afleiðusamningar |
| Langtímaskuldir samtals | 165.920.501 | 12.210.359 | 2.463.278 | 180.594.138 | |
| Skammtímaskuldir | | | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðr. sk.sk. | 5.371.984 | | | 5.371.984 | Viðskiptaskuldir og aðr. sk.sk. |
| Áfallnir vextir | 2.358.094 | | | 2.358.094 | Áfallnir vextir |
| Næsta árs afb. langt.skulda | 6.793.348 | | (2.463.278) | 4.330.070 | Næsta árs afb. langt.skulda |
| | | 887.432 | | 887.432 | Afleiðusamningar |
| Skammtímaskuldir samtals | 14.523.426 | 887.432 | (2.463.278) | 12.947.580 | |
| Eigið fé | 62.775.066 | 19.873.916 | | 82.648.983 | Eigið fé |
| Skuldir og eigið fé samtals | 243.218.993 | 32.971.707 | 0 | 276.190.700 | Skuldir og eigið fé samtals |